**Nd.** **840. Breytingartillögur** [125. mál]

við frv. til l. um húsaleigu.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 48. gr. Aftan við 48. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þá getur og sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum, ákveðið með sérstakri samþykkt, er ræða skal á tveim fundum, að til framkvæmda skuli koma, hvað þann kaupstað eða kauptún snertir, III. kafli laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Við 76. gr. Aftan við greinina bætist: enn fremur 1. tölul. 1. gr. laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, nr. 50 5. apríl 1948.